færa. Hins vegar er það lofsvert og til fyrirmyndar hjá hinu nýja leikhúsi að prenta verkið allt í leikskrá og mættu aðrir gera eins.

Mest mæðir á leikurunum Bryndísi Petru Bragadóttur og Ellert A. Ingimundarsyni, sem leika þau Oi og Sakkó. Eins og fyrr segir ljær höfundur persónunum engin séreinkenni. Áhorfendur kynnast þeim aðeins í gegnum hugsanir þeirra, sem eru sundurlausar, og þegar minnst varir er svo klippt á þráðinn. Þau Bryndís og Ellert leika bæði af öryggi og þrótti í kaldranalegu umhverfi Kjallaraleikhússins.

leikslok, en þá er hann negldur niður í bókstaflegri merkingu. Þröstur Guðbjartsson leikur mann þennan

Í návígi

Leikmynd er engin utan sú, sem

Leiklist

Auður Eydal

staðurinn sjálfur leggur til, en lýsing gefur mismunandi áherslupunkta. Þriðja persónan í leiknum, maður í bíl, hlýtur dapurleg örlög, þegar ofbeldið heldur innreið sína undir

og gerir hlutverkinu þau skil, sem efni standa til.

Guðjón Pedersen leikstjóri hefur að því er séð verður unnið ágætlega úr þeim efnivið, sem fyrir hendi var. Á takmörkuðu rými kjallaragólfsins, innan um bera bjálkana, mæddi eins og fyrr segir mikið á leikurunum sjálfum, sem eru þarna í miklu návígi við áhorfendur.

Þýðing Haflliða Arngrímssonar er ágætlega gerð í anda efnisins.

Aðstandendum Frú Emilíu skal að lokum óskað velfarnaðar og verður gaman að fylgjast með framtíðarverkefnum hópsins.

AE



Bryndís Petra Bragadóttir, Ellert A. Ingimundason og Þröstur Guðbjartsson í hlutverkum sínum í „Mercedes".

Nærverumiklir stokkar

Sýning Helga Gíslasonar að Kjarvalsstöðum

Þrátt fyrir mikla og óumdeilanlega þekkingu Helga Gíslasonar á sérstakri náttúru bronsins hef ég aldrei getað fellt mig við bronsskúlptúr hans. Kannski er minni eigin glámskyggni um að kenna.

Ég get ómögulega lesið afdráttarlausa sjálfstæðisyfirlýsingu út úr gljáandi bronsinu hjá listamanninum, aðeins áferðafallegar endurtekningar á hinu og þessu sem verið hefur ofarlega á baugi í módernískum skúlptúr undanfarna áratugi.

Hugsanlega hefur Helgi sjálfur ekki „fundið sig" í bronsinu heldur þrátt fyrir mikil afköst hans í málminum.

Öðruvísi er tæplega hægt að túlka þá umbreytingu sem virðist hafa átt sér stað í skúlptúr hans við nokkurra mánaða dvöl í Finnlandi.

Sú umbreyting, eða bylting, er nú til sýnis á vesturgangi Kjarvalsstaða, teygir sig raunar inn á sýningu Sigurðar Örlygssonar.

Þarna er að finna þrettán skúlptúra, að mestu leyti úr tré, en með ívafi eða bryddingum úr járni og kopar.

Með þeim hefur Helgi sagt skilið við

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

nostrið við bronssteypuna, að minnsta kosti í bili, og fær útrás fyrir atorku sína og óhefta sköpunargleði.

Sama ættarmótið

Að vísu snýr Helgi ekki alveg við blaðinu í list sinni enda getur enginn þurrkað út eigin fortíð.

Ættarmótið leynir sér ekki í sumum hinna uppréttu trémynda og mörgum eldri bronsmyndum með afstrakt yfirbragði, til dæmis í því hvernig listamaðurinn stillir saman mjúkum útlínum og tenntum, þannig að þessar andstæður kallast á.

Það er heldur ekki óralangur gangur frá ljósnæmu yfirborði bronsmyndanna til skjannalitanna sem Helgi pentar nú á hrjúft ytra borð trédrumba sinna.

Hinir nýju skúlptúrar Helga eru í anda hins nýja prímitífisma í skúlptúr, sem er svo að sínu leyti afsprengi ný-expressjónismans í málverkinu, eða er að minnsta kosti í nánum skyldleika við hann. Skúlptúrar Brynhildar Þorgeirsdóttur eru í þessum dúr, svo og keramíkskúlptúrar Borghildar Óskarsdóttur, Sóleyjar Eiríksdóttur og fleiri listamanna.

Og ef grannt er skoðað er Sigurjón heitinn Ólafsson sennilega einn af stofnendum þessarar skúlptúrdeildar.

Í þessum skúlptúr skiptir sjálf formgerðin, samspil formanna, snöggtum minna máli en táknmgerðin, eða „tótemískt" kynngi hverrar myndar. Skúlptúrinn þarf að hafa sömu áhrif á áhorfandann og tótemstólpi, skurðgoð eða öndvegissúlur höfðu á fólk til forna, eða í myrkviðum Suður-Ameríku eða Afríku.

Úttekt úr duldarreikningnum

Til þess að geta haft þessi sömu áhrif á nútímamanninn þarf myndhöggvarinn að taka út úr duldarreikningi goðsagnabankans sem við höfum komið okkur upp og magna þau föng upp í nærverumikla skúlptúra.


Þetta hefur Helga tekist mætavel. Skúlptúrar hans ýta við undirvitundinni, bera okkur boð sem hugurinn greinir ekki en fá hjartað til að slá hraðar.

Í stokkum Helga djarfar fyrir hjáguðum okkar, fyrr og nú, myndgervingum hjátrúar og þjóðsagna, svo og öðrum minnum, fornum og nýmóðins.

Í leiðinni kemst listamaðurinn tæpast hjá því að vitna í samferðamenn sína í viðarkúnst, lifandi sem liðna, allt frá Brancusi til hins finnska meistara, Kains Tapper.

En mestu máli skiptir að Helgi virðist hafa fullan hug á að gera þennan skúlptúr að sínum. Í leiðinni bætir hann nýjum kafla við þróunarsögu íslensks skúlptúrs.

-ai



Helgi Gíslason – Skurðgoð, málað tré, 1986.

ÚTBOÐ Á
PRENTUN
TÉKKHEFTA

Landsbanki Íslands óskar eftir tilboðum í prentun tékkaeyðublaða og frágang þeirra í 25 og 50 eyðublaða hefti fyrir alla afgreiðslustaði bankans.

Útboðsgögn verða afhent hjá tæknisviði bankans, Álfabakka 10, 109 Reykjavík, frá og með miðvikudeginum 26. nóvember 1986.
Frestur til að skila tilboði rennur út föstudaginn 19. desember 1986, kl. 11:00.

Landsbanki Íslands
Banki allra landsmanna